

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 8.1.2025
UST202402-104/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. október 2024 Eskja, Eskifirði, ID 78

Þann 29. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Eskju, Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Hreinsunarkar hefur ekki verið tengt við frárennsli verksmiðjunnar.
Þegar eftirlit árið 2024 fór fram var hreinsun frárennslis ófullnægjandi og því er ekki tilefni til að loka frávikinu.
2. Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.
Mælingar voru gerðar á síldarvertíð árið 2024 en engar mælingar voru gerðar á makrílvertíð og því er ekki tilefni til að loka frávikinu.
3. Óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí 2023.
Rekstraraðili keypti búnað til að vakta fitu í frárennsli. Einnig var áætlað að setja upp myndavél og rennslismæli. Rennslismælirinn virkar en annar búnaður ekki og því er ekki tilefni til að loka frávikinu.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Uppfæra þarf áætlun vegna rekstrarstöðvunar.
2. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda.
3. Merkja þarf sýrugeymi sem stendur utandyra við verksmiðjuna.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Fullnægjandi grænu bókhaldi var skilað þann 17. desember 2024 og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Í mælingu sem var gerð í desember 2023 var styrkur svifagna, COD og fitu í frárennslisvatni yfir leyfilegum mörkum.
3. Gr. 2.2 í starfsleyfi. TVN gildi mældist yfir leyfilegum mörkum þann 4. maí 2023.
4. Gr. 2.23 í starfsleyfi. Hreinlætisáætlun er ekki til staðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur